

Er tilbúið viðhaldsstjórnunarkerfi hagstæðara en að þróa eigið?



Mörg minni og meðalastór fyrirtæki nota pappír, excel töflureiknir eða einhvers konar "heimasmíðað" kerfi til að stjórna viðhaldsverkum:

- Að nota pappír er óskilvirkast og veitir litla möguleika á yfirsýn um hvernig unnt er að gera betur.
- Excel töflureiknar geta veitt traustar upplýsingar en krefjast þess að þeim sé viðhaldið og þær endurskoðaðar stöðugt til þess að vera réttar.
- Heimasmíðað viðhaldskerfi getur virkað vel ef upplýsingatæknideildin hefur nægan tíma til viðhalda gögnunum og fyrir hendi er stöðluð leið til þess færa inn og fylgjast með verkbeiðnum.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um að innleiða viðhaldsstjórnunarkerfi er næsta skref að ákveða hvort kaupa eigi tilbúið kerfi eða þróa eigið. Báðar þessar leiðir hafa kosti og galla í för með.

Sérsmíðað viðhaldsstjórnunarkerfi

Sérsmíðað kerfi er hugbúnaður sem er þróaður af þínum starfsmönnum eða af verktökum undir stjórn þinni og eftir þínum skilgreiningum. **Samanburður á kostum og göllum:**

- Helstu kostirnir við sérþróað kerfi geta verið aukinn sveigjanleiki, möguleikinn á að uppfylla mjög sérhæfðar þarfir, aðlögun að fyrirliggjandi viðhaldsstarfsemi og góðar tengingar við aðrar hugbúnaðarlausnir í fyrirtækinu.
- Helstu gallanir við sérþróað kerfi er mikill kostnaður og óvissa um endanlegan kostnað, langur þróunartími, auknar líkur á að niðurstaðan verði ekki í samræmi við væntingar, þrengri og minna skapandi áherslur og ófullnægjandi skjölun þegar verið að hraða þróunni sem mest.

Tilbúið viðhaldsstjórnunarkerfi

Að kaupa tilbúið viðhaldskerfið til dæmis **Maintx** er valkostur sem meirihluti fyrirtækja velur fram yfir að þróa eigið kerfi. **Samanburður á kostum og göllum:**

- Óháð því hvernig staðið er að vali á slíku kerfi þá fylgja því margvíslegir kostir að kaupa tilbúið kerfi. Kostnaðurinn er þekktur strax í upphafi og verðið er almennt mjög hagstætt miðað við sérsmíði, engum tíma þarf að verja í þróun, innleiðing (uppsetning) tekur yfirleitt örskamman tíma, byggt er á tækni sem er þrautreynd og kerfin eru nægjanlega sveigjanleg til þess að mæta þörfum þínum.
- Helstu rökin gegn tilbúnu viðhaldsstjórnunarkerfi eru þau að kerfi sem hentar einum viðskiptavini þarf ekki að falla þörfum næsta, sem getur leitt til vonbrigða, seinkunar á innleiðingu og óánægju notenda.

Niðurstaðan er sú að vel skipulögð og framkvæmd innleiðing á **tilbúnu hugbúnaðarkerfi** til að stjórna viðhaldsverkefnum getur haft í för með sér meiriháttar jákvæð áhrif á skilvirkni og árangur.

Viðhaldsstjórnunarkerfið sem er valið ætti mjög auðveldlega að borgað sig upp hratt með lækkun á kostnaði og meiri framleiðni.